

Fréttabréf Síðuskóla

7. bréf – mars – skólaárið 2020-2021

Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Nú er marsmánuður runninn upp og alveg að verða bjart á morgnana þegar við mætum í skólann. Við vonum að allir hafi átt ljómandi gott vetrarleyfi og tilbúin að takast á við þau verkefni sem bíða okkar þessa síðustu mánuði skólaársins.

Framundan hjá okkur í mars er að halda árshátíð skólans. Hún verður vissulega með öðru sniði en verið hefur en við munum að sjálfsgöðu gera okkar besta í þessum aðstæðum sem við búum við í dag.

Skipulagið er enn í mótn hjá okkur og við erum að skoða hvernig við getum komið þessu heim og saman. Við sendum ykkur upplýsingar í næstu viku.

Við ætlum svo að skella okkur í Hlíðarfjall mánudaginn 22. mars og vonum svo sannarlega að við getum haldið okkur við þá dagsetningu. Nánara skipulag um útvistardag verður sent síðar. Páskaleyfi tekur svo við í lok þessa mánaðar.

Annars höldum við ótrauð áfram, vorið og bólusetning skammt undan og því ekki ástæða til annars en að horfa bjartsýn fram á veginn.

Bestu kveðjur úr skólanum,
Ólöf, Malli og Helga




Undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar

Í dag, þriðjudaginn 2. mars, var undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar haldin hér í Síðuskóla. Þá lásu 10 nemendur úr 7. bekk sem komust höfðu áfram úr forvali. Allir lesararnir stóðu sig vel og eru svo sannarlega reynslunni ríkari eftir þátttökuna. Tveir aðalfulltrúar voru valdir auk eins varafultrúa til að taka þátt í úrslitum Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin verður í Kvosinni í Menntaskólanum á Akureyri 10. mars næstkomandi. Fulltrúar Síðuskóla í ár eru Nadía Ósk Sævarsdóttir, Reginn Ólafur Egilsson og Sigurhanna Sigmarsdóttir til vara. Dómarar voru þau Helga Halldórsdóttir deildarstjóri í Glerárskóla og Bragi Bergmann kennari við Síðuskóla. [Hér má sjá myndir frá keppninni.](#)



Nýr gólfúkur á B-gang

Verið er að skipta um gólfefni á B-gangi en það er gangurinn sem 5.-7. bekkur er með heimastofur. Búið er að taka gamla dúkinn af og flota gólfið en nýr dúkur kemur ekki á fyrr en eftir tvær til þrjár vikur.



Á döfinni

8. mars

Samræmd próf í 9. b - íslenska

9. mars

Samræmd próf í 9. b - stærðfræði

10. mars

Samræmd próf í 9. b - enska

Lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar í Kvosinni í MA kl. 17

18. og 19. mars

Árshátíð Síðuskóla

22. mars

Útivistardagur

Sköpun bernskunnar

Nemendur í 4. bekk Síðuskóla fóru ásamt starfsfólki í Listasafnið og skoðuðu sýninguna Sköpun bernskunnar 2021 þar sem þeir eiga stórt og fallegt verk. Þau skoðuðu einnig aðrar sýningar, gerðu verkefni og teiknuðu. [Hér eru fleiri myndir.](#)



100 miða leikurinn er í gangi

Dagana 22. febrúar - 6. mars stendur 100 miða leikur SMT yfir í skólanum. SMT teymið sér um leikinn og er tilgangur hans að hvetja nemendur enn frekar til að fara eftir SMT skólareglum. Leikurinn er ekkert ósvipaður bingói þar sem allir eru með. Hann gengur út á að 10 nemendur á dag fá sérmerktan umbunarmiða sem starfsmenn skólans gefa. Miðarnir eru settir á númeraspjald með 100 reitum. Þegar 10 dagar eru liðnir og 100 nemendur hafa fengið miða er númeraspjaldið fullt og þá er dregið út hvaða röð vinnur og hvað er í vinning.



Myndir úr 10. bekk



Nemendur í heimilisfræðivali gerðu chillibáta og hristing.



Myndir úr 1. bekk





4. bekkur lærir um himingeiminn





MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

Mars

01. mars	mánudagur	Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, köld sósa, ávextir
02. mars	þriðjudagur	Slátur, kartöflur, jafningur, grænmeti
03. mars	miðvikudagur	Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ávextir
04. mars	fimmtudagur	Grænmetisbuff, hrísgrjón, sinnepssósa, salat
05. mars	föstudagur	Mjólkurgrautur, slátur
08. mars	mánudagur	Kjúklingabuff, hrísgrjón, sósa, salat
09. mars	þriðjudagur	Bleikja, kryddkartöflur, grænmeti, köld sósa
10. mars	miðvikudagur	Lambasnitsel, kartöflur, smjör, meðlæti
11. mars	fimmtudagur	Karrýfiskur, hrísgrjón, salat, ávextir
12. mars	föstudagur	Sveppasúpa, súpubrauð
15. mars	mánudagur	Orly fiskur, hrísgrjón, súrsæt sósa, ávextir
16. mars	þriðjudagur	Kjötsúpa, ávextir
17. mars	miðvikudagur	Vorrúllur, kryddhrísgrjón, grænmetissósa, salat
18. mars	fimmtudagur	Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir
19. mars	föstudagur	Árshátíð - Matur auglýstur síðar
22. mars	mánudagur	Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir
23. mars	þriðjudagur	Lasagne, hvítlauksbrauð, salat
24. mars	miðvikudagur	Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör, kokteilsósa, ávextir
25. mars	fimmtudagur	Tortillur, kjúklingur, salsasósa, grænmeti
26. mars	föstudagur	Makkarónugrautur, ávextir
29. mars	mánudagur	PÁSKAFRÍ
30. mars	þriðjudagur	PÁSKAFRÍ
31. mars	miðvikudagur	PÁSKAFRÍ

Einkunnarorð í mars

Virðing

Regla mánaðarins er:

„Við virðum eigur annarra og göngum vel um“.

